

GJALDSKRÁ

vegna skipulagsbreytinga og framkvæmdaleyfa í Ísafjarðarbæ.

1. gr.

Meginreglur.

Gjaldskráin byggir á þeirri meginreglu að aðili sem óskar eftir breytingu á aðal- og/eða deiliskipulagi skuli greiða þann kostnað sem breytingin hefur í för með sér. Í því felst að umsækjandi greiðir kostnað vegna nýrra uppdrátta, breytinga á uppdráttum, auglýsingu og kynninga vegna málsins. Umhverfisnefnd getur ákveðið að falla frá gjalddöku ef skipulagsvinna á vegum sveitarfélagsins er yfirstandandi eða fyrirhuguð á svæðinu eða skipulagsáætlun þarfnast breytinga af öðrum ástæðum, enda hafi það ekki í för með sér viðbótarkostnað fyrir sveitarfélagið.

Ef kostnaður vegna vinnu skipulagsfulltrúa eða aðkeyprtar vinnu er verulega umfram viðmiðunargjald, vegna umfangs verksins er heimilt að leggja á til viðbótar tímagjald skipulagsfulltrúa sem er 25.370 kr. eða gjald skv. reikningi.

2. gr.

Skilgreiningar.

Afgreiðslugjald: gjald sem greitt er við móttöku umsóknar um framkvæmdaleyfi og vegna skipulagsbreytinga. Í gjaldinu felst kostnaður sveitarfélagsins við afgreiðslu og yfirferð erindisins.

Umsýslu- og auglýsingakostnaður: kostnaður sveitarfélagsins við afgreiðslu umsóknar, birtingu auglýsinga og aðra umsýslu.

Breytingarkostnaður: kostnaður sem fellur til innan sveitarfélagsins við gerð nýs deiliskipulags eða breytingar á gildandi aðal- eða deiliskipulagsuppdráttum.

3. gr.

Kostnaður vegna aðalskipulagsbreytinga.

Breyting á aðalskipulagsuppdrætti, sbr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, viðmiðunargjald	448.220 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010	158.830 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010	142.920 kr.
Afgreiðslugjald vegna aðalskipulagsbreytinga	8.280 kr.

4. gr.

Kostnaður vegna deiliskipulags.

Nýtt deiliskipulag.

Nýtt deiliskipulag, sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010	448.220 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga nr. 123/2010	158.830 kr.
Afgreiðslugjald vegna deiliskipulags	8.280 kr.

Verulegar breytingar á deiliskipulagi.

Breyting á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010	288.170 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010	158.830 kr.
Afgreiðslugjald vegna deiliskipulagsbreytinga	8.280 kr.
<i>Óverulegar breytingar á deiliskipulagi.</i>	
Breyting á deiliskipulagsuppdrætti, sbr. 2 mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010	192.070 kr.
Umsýslu- og auglýsingakostnaður, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010	111.990 kr.
Afgreiðslugjald vegna deiliskipulagsbreytinga	8.280 kr.

5. gr.

Kostnaður vegna grenndarkynningar.

Grenndarkynning	56.000 kr.
-----------------	------------

6. gr.

Kostnaður vegna framkvæmdaleyfis.

Afgreiðslugjald	111.990 kr.
Framkvæmdaleyfi – framkvæmdir skv. 1. og 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, viðmiðunargjald	208.090 kr.
Framkvæmdaleyfi – aðrar framkvæmdir, viðmiðunargjald	111.990 kr.
Framkvæmdaleyfi – minniháttar framkvæmdir	35.130 kr.
Eftirlit umfram eina ferð, sem er innifalin í framkvæmdaleyfisgjaldi	39.980 kr.
Tímagjald, eftirlit umfram það sem er innifalið í framkvæmdaleyfisgjaldi	19.330 kr.

7. gr.

Önnur gjöld.

Afgreiðslugjöld skipulagsfulltrúa vegna annarra mála en við á samkvæmt 3.-6. gr., enda er tekin ákvörðun um afgreiðslu málsins í skipulags- og mannvirkjanefnd.

Afgreiðslugjald skipulagsfulltrúa	15.290 kr.
-----------------------------------	------------

8. gr.

Gjalddagi.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari falla í gjalddaga við afgreiðslu erindis nema um annað sé samið.

9. gr.

Gjaldtökuheimild og breytingar á fjárhæð.

Leyfisgjöldum fylgja lögveð í viðkomandi fasteign eða lóð þar sem við getur átt og má innheimta gjaldfallin gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða réttarsáttar.

Leyfisgjöld eru ekki endurkræf þó leyfi falli úr gildi.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 20. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast gildi 1. janúar 2026.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá vegna skipulagsbreytinga og framkvæmdaleyfa í Ísafjarðarbæ nr. 1621/2024.

Samþykkt í bærarstjórn Ísafjarðarbæjar 30. september 2025.

Ísafirði, 30. september 2025.

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir bærarstjóri.